

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023  
UST202203-073/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T0127 (nr. 12)**

Umhverfisstofnun barst þann 29. desember 2022, þykktarmæling og segulssviðsskönnun á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T0127 og eigendanúmerið 311.12.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Litla-Sandi, Hvalfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1965.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., þann 16. júlí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM\_223128\_T0127\_12\_2022 frá HD ehf., að geymirinn sé í mjög góðu ásigkomulagi að innanverðu og að hann líti afar vel að utanverðu. Fram kemur að gólf hafi verið tvöfaldað í desember 2017.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Sigríður Kristinsdóttir  
*Teymisstjóri*